

Breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Flutt af: Árni Helgason.

1. gr.

1. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

a. Í stað orðanna „að fenginni heimild hins samningsaðilans“ í 1. mgr. 1. gr. komi: nema trúnaður sé áskilinn af hálfu viðsemjanda.

b. Við 2. mgr. 1. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi: Fjárhagsnefnd kirkjuþings skal látið í té öll fjárhagsgögn sem formaður nefndarinnar eða staðgengill hans óskar eftir, bæði við gerð fjárhagsáætlunar og við yfirferð ársreiknings. Aðrir kirkjuþingsfulltrúar fái aðgang að sömu gögnum óski þeir eftir því.

c. Við 3. mgr. 1. gr. bætast orðin: til viðkomandi verkefnis.

2. gr.

2. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

Á eftir orðunum “samráði við stjórn” í 2. mgr. 2. gr. komi: og fjárhagsnefnd.

3. gr.

3. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo: Mynda skal varasjóð í formi handbærs fjár sem nemi að lágmarki 25% af árlegri heildargagngreiðslu frá ríkinu til Þjóðkirkjunnar.

4. gr.

4. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

a. Við 4. málsl. 1. mgr. 4.gr. bætast orðin: helstu hagaðilum þar á meðal stjórn og fjárhagsnefnd.

b. 5. málsl. 1. mgr. orðist svo: Endanleg tillaga að fjárhagsáætlun sem hlotið hefur umfjöllun stjórnar og fjárhagsnefndar skal liggja fyrir og vera birt í síðasta lagi 4 vikum fyrir upphafsdag kirkjuþings.

c. Núverandi 5. málsl. verður 6. málsl.

5. gr.

5. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

Við 5. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Skal sundurliða gjaldahlið áætlunarinnar eftir liðum sem hér segir:

- a. Launa- og starfskostnaður vegna prestsþjónustunnar í landinu. Kirkjuþing skal árlega uppfæra fjárhæðir þær sem greiðast sem starfskostnaður vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Kirkjuþing ákvarðar einnig árlegt verð eininga sem notaðar eru til að ákvarða þóknanir sem þóknananefnd kirkjunnar mælir fyrir um og þóknanir vegna gæslu veiðihlunninda á prestssetrum.
- b. Rekstrar- og launakostnaður biskups Íslands – biskupsstofu og rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar.
- c. Rekstrar- og launakostnaður vegna starfsmanna sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu Þjóðkirkjunnar skv. ákvörðun kirkjuþings.
- d. Rekstrarkostnaður vegna prestssetra og annarra fasteigna kirkjunnar. Rekstrarkostnaður og tekjur Skálholtsstaðar í heild sinni skal sundurgreina sérstaklega.
- e. Kostnaður vegna kirkjuþings, stjórnar Þjóðkirkjunnar, prestastefnu og leikmannastefnu.
- f. Kostnaður vegna nefnda sem starfa á grundvelli laga, starfsreglna eða annarra samþykktu kirkjuþings og samkvæmt ákvörðun biskups Íslands eða kirkjuþings.

6. gr.

8. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

- a. 1. mgr. 8. gr. hljóðar svo: Stjórn Þjóðkirkjunnar úthlutar styrkjum skv. 6. gr.
- b. Í stað orðsins “úthlutunarnefndar” í 2. mgr. 8. gr. kemur: stjórnar.
- c. Í stað orðsins “úthlutunarnefnd” í 3. mgr. 8. gr. kemur: stjórn.

7. gr.

9. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

Í stað “úthlutunarnefnd” í 1. mgr. 9. gr. kemur: stjórn, framkvæmdastjóri og starfsfólk Þjóðkirkjunnar.

8. gr.

10. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

Í stað orðsins “stjórn” í 3. másl. 10. gr. komi: stjórn og fjárhagsnefnd.

9. gr.

12. gr. tillögunnar breytist sem hér greinir:

2. mgr. 12. gr. orðist svo: Stjórnin veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð og getur veitt öðrum starfsmönnum prókúruumboð. Stjórnin getur hvenær sem er afturkallað prókúruumboð.